

Landsnet  
Þorgeir J. Andr sson  
Kr kh lsi 5 C  
110 REYKJAV K

**2007120083**  
6612; 6609; 6607;  
6100; 9310

Reykjav k, 13. febr ar 2008  
/--

**Efni: Sameiginlegt mat   umhverfis hrifum  lvers   Bakka vi  H sav k,  
 eistareykjavirkjunar, st kkun Kr fluvirkjunar og h spennul na fr  Kr flu og  
 eistareykjum til H sav kur.  kv r un Skipulagsstofnunar**

Skipulagsstofnun hefur   samr mi vi  5. gr. laga nr. 106/2000 msb. um mat   umhverfis hrifum, er var ar tilvik þar sem fleiri en ein matsskyld framkv md er fyrirhugu    sama sv ði e a framkv mdirnar eru h  ar hver annari, bo a  hluta eigandi til samr  sfunda um þetta m l.

Eftirfarandi fundir voru haldnir:

Me  fulltr um sveitarstj rna A ald lahrepps, Nor urþings, Sk tusta ahrepps og  
Þingeyjarsveitar og Heilbrig iseftirlits Nor urlands eystra fimmtudaginn 10. jan ar 2008.  
Me  fulltr um Landsnets, Landsvirkjunar og  eistareykja ehf. þri judaginn 15. jan ar 2008.  
Me  fulltr um Bygg astofnunar og Umhverfisstofnunar fimmtudaginn 17. jan ar 2008.  
Me  fulltr um i na arr  duneytisins mi vikudaginn 23. jan ar 2008.  
Me  fulltr um Alcoa m nudaginn 4. febr ar 2008.

Megin sj narmi  sem komu fram   fundunum voru eftirfarandi:

**1. Sameiginlegt mat.**

Af h lfu sveitarstj rna og Heilbrig iseftirlits Nor urlands eystra kom fram    skilegt s    sameina og samr ma umfj llun um þessar tengdu framkv mdir eins og kostur er og finna til þess skilvirka lei .  o m l g tu þr ast þannig   ekki yr i af  lveri   Bakka yr i samt virkja     eistareykjum en l g  var  hersla     j kv   vi horf margra til virkjunar/h spennul na v ru h   þv    orka yr i n tt   h ra i. Þv  v ri mikilv gt   n ting orku fr  virkjun liggja fyrir þegar umr  a fer fram um mat   umhverfis hrifum virkjunar og h spennul na.

Af h lfu Umhverfisstofnunar koma fram  hersla   sameiginlegt mat framkv mdanna  t fr  hagsmunum umhverfisins. Bent var     til þess   h gt v ri   taka afst  u til umhverfis hrifa einstakra framkv mda þurfi yfirs n yfir heildar hrif þeirra allra   liggja fyrir þar sem þ r v ru

háðar hver annarri.

Af hálfu fulltrúa Byggðastofnunar kom fram að ekkert væri því til fyrirstöðu að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna yrði í einni frummatsskýrslu.

## **2. Ekki sameiginlegt mat.**

Af hálfu Landsnets, Landsvirkjunar og Þeistreykja ehf. kom fram að sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum allra framkvæmdanna sé ekki gerlegt, vegna umfangs, ólíkrar stöðu í matsferli, ólíkra framkvæmdaáðila, ólíkra ráðgjafa framkvæmdaraðila og ólíkra áherslupátta í mati. Kostnaður framkvæmdaraðila myndi aukast og matstíminn lengjast. Stefnt væri að framlagningu frummatsskýrslu fyrir Þeistareykjavirkjun í mars, háspennulínur í apríl og stækkun Kröflu í júní en fyrir álver óvíst og e.t.v. ekki fyrr en í sumar eða næsta haust. Bent var á að mat á umhverfisáhrifum línubýgginga, Þeistareykjavirkjunar og stækkunar Kröfluvirkjunar muni að líkindum eiga sér stað nánast samhliða. Framkvæmdir við virkjun þurfa lengstan undirbúning og því óheppilegt að láta mat á virkjun bíða t.d. eftir mati álvers, því þá gæti tafist gangsetning álvers vegna lengri tími fram að mögulegri afhendingu orku. Ef allar framkvæmdirnar verða metnar á sama tíma væri hugsanlegt að athugasemdir í matsferli við eina framkvæmdina yrðu þess eðlis að ákvörðun um hana tæki lengri tíma en um aðrar framkvæmdir og gæti það tafið málið enn frekar í heild. Æskilegast væri að hver framkvæmdaraðili fái að leggja fram tillögu að matsáætlun og frummatsskýrslu þegar honum hentar. Minnt var á að sameiginlegt umhverfismat áætlana um virkjun á Þeistareykjum og háspennulínur frá Kröflu að Bakka fór fram í gegnum svæðisskipulagsvinnu. Einnig var lýst þeirri skoðun að virkjun á Þeistareykjum eða/og stækkun Kröflu gætu orðið að veruleika þó orkukaupandi yrði ekki álver Alcoa á Bakka við Húsavík.

Af hálfu iðnaðarráðuneytisins kom fram að ekki væri unnt að bíða með afgreiðslu á mati á umhverfisáhrifum á virkjunum og háspennulínum þar til tillaga að matsáætlun fyrir álver á Bakka liggur fyrir, m.a. þar sem óvíst væri hvort af byggingu álvers á Bakka, á vegum Alcoa, verði og framkvæmdir yrðu ekki á sama tíma þar sem rannsóknir vegna virkjana og framkvæmdir við þær taka lengri tíma en verksmiðjubýgging. Tafir á afgreiðslu mats á umhverfisáhrifum tefja því ákvarðanatöku og samningar komast í uppnám. Bent var á að jarðhitasvæðin verða virkjuð fyrr eða síðar hvort sem álver Alcoa kemur á Bakka eða ekki og ekki sé rétt að tala um tengdar framkvæmdir í þessu tilviki þar sem aukin raforkusala er ekki endilega háð álveri á Bakka. Það beri að meta umhverfisáhrif virkjana og háspennulína í Þingeyjarsýslu óháð því hver kaupandinn orkunnar verður.

Af hálfu Alcoa kom fram að enn er til umræðu ýmislegt er varðar ákvarðanatöku um byggingu álvers á Bakka svo sem um tækni og stærð álvers og ekki liggur fyrir hvenær hægt verður að taka ákvarðanir um hvort af byggingu álvers verður en það gæt skýrst á næstu 2-3 mánuðum. Að mati Alcoa eigi ákvarðanir fyrirtækisins um byggingu álversins ekki að hafa áhrif á gang mála er varða umræddar virkjanir og orkuflutning, notandi orkunnar gæti orðið annar en Alcoa.

## **3. Samantektarskýrsla.**

Eftir fyrsta fundinn, með sveitarstjórnnum, kynnti Skipulagsstofnun hugmynd um samantektarskýrslu ef frummatsskýrslur væru allar lagðar fram á sama tíma. Skýrslan væri einkum ætluð sveitarstjórnnum og almenningi og gæfi yfirlit yfir framkvæmdirnar í heild og

heildaráhrif þeirra.

Þeirri hugmynd var varpað fram, af hálfu Landsnets, Landsvirkjun og Þeistreykja ehf., að samantekt í frummatsskýrslum væri stöðluð samkvæmt forskrift Skipulagsstofnunar og þar gefið ítarlegt yfirlit yfir tengdar framkvæmdir. Ef frummatsskýrsla háspennulína kæmi t.d. á eftir skýrslu um Þeistareykjavirkjun þá yrði samantekt úr fyrri skýrslunni bætt við samantekt þeirrar seinni og svo framvegis og vistuð á heimasíðum. Þannig gæti almenningur gengið að samræmdum samantektartexta fyrir allar útkomnar frummatsskýrslur á einum stað (t.d. heimasíðu Skipulagsstofnunar).

Af hálfu Alcoa kom fram að þótt Alcoa verði e.t.v. ekki með frummatsskýrslu á sama tíma og aðrir framkvæmdaraðilar væri hægt að miðla upplýsingum inn í samantektarskýrslu eftir því hver væri staða áforma Alcoa.

#### **4. Ákvörðun um sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum álvers í Helguvík og tengdra framkvæmda.**

Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matsáætlun álvers í Helguvík taldi stofnunin ekki verjandi að krefjast þess að metin yrðu samtímis umhverfisáhrif álverksmiðjunnar sjálfar og tengdra framkvæmda í ljósi þess hve mikil óvissa ríkti um hvaðan og eftir hvaða leiðum orka bærist álverinu. Í áliti um matsskýrslu álversins var enn veruleg óvissa um orkuöflun þar sem þeir kostir sem nefndir voru til orkuöflunar voru mjög mismunandi á vegi staddir hvað varðar rannsóknir, skipulagsumfjöllun sveitarfélaga og mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun taldi ekki lagastof fyrir því að fresta að gefa álit sitt á matsskýrslu Norðuráls, eins og óskað hafði verið eftir, á þeim grundvelli að óvissa væri um orkuöflun og raforkuflutninga til álversins.

#### **Niðurstaða**

Fyrir liggur svæðisskipulag fyrir háhitasvæði í Þingeyjarsýslum og í inngangi greinargerðar þess segir m.a: „*Vegna áforma um orkufrekan iðnað við Húsavík er nú unnið að undirbúningi virkjunar háhitasvæðanna á Þeistareykjum og í Gjástykki ásamt frekari virkjun í Kröflu og Bjarnarflagi.*“ Svæðisskipulagið var í forsjá sveitarfélaganna og vinnu stýrt af samvinnunefnd þeirra og unnið í samráði við Skipulagsstofnun. Svæðisskipulagið var unnið með hliðsjón af lögum um umhverfismat áætlana. Skipulagskostir voru skilgreindir þ.e. orkuvinnslusvæði, vegakostir og hugsanleg/möguleg lega háspennulína og áhrif þeirra metin. Samvinnunefndin mótaði skipulagstillögu sem tók til orkuvinnslusvæða, svæða fyrir flutningslínur raforku, tengivirki á Hólásandi, hitaveitulagnir frá Þeistareykjum að Húsavík, virkjanavega og verndarsvæða og verndarákvæða vegna náttúrufars og minja. Skipulagstillögurnar voru kynntar á almennum kynningarfundum og sendar til lögboðinna umsagnaraðila og tillagan auglýst. Á þessum vettvangi var gefin heildarsýn á fyrirhugaðar framkvæmdir. Umsagnir og athugasemdir gáfu tilefni til nokkurra breytinga og leiðréttingu á markmiðum, skipulagsákvæðum og skipulagsuppráttum.

Ljóst er af áformum hinna ýmsu framkvæmdaraðila, er koma að byggingu orkufreks iðnaðar á Húsavík, orkuvinnslu og orkuflutnings, að tímaferlar við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og framkvæmdirnar sjálfar falla misjafnlega vel saman. Einnig er ljóst að umfang mats á umhverfisáhrifum framkvæmdanna í heild er mikið og að ekki er sjálfgefið að sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna í heild sé besta leiðin til þess að hagsmunaaðilar og aðrir þeir

er málið láta sig varða geti sett sig inn í það og tekið afstöðu til einstakra framkvæmdaþátta eða heildarinnar. Fram hefur komið í samráðsferlinu að orkufyrirtækin og iðnaðarráðuneytið gera ráð fyrir að virkjað verði á Þeistareykjum og við Kröflu burt séð frá því hvort álver rísi við Húsavík eða annar orkufrekur iðnaður. Einnig hefur komið fram af hálfu fulltrúa sveitarstjórna að viðhorf til framkvæmdanna sem fjallað var um í svæðisskipulaginu mótist töluvert af því að orkuvinnsla og flutningur raforku frá jarðhitasvæðunum sé vegna uppbyggingar orkufreks iðnaðar á Húsavík/í héraðinu en ekki til dreifingar um orkunetið.

Skipulagsstofnun telur að megin stefnumörkun um orkuvinnslu og orkuflutning til Húsavíkur hafi farið fram sameiginlega í svæðisskipulagi og þar lá fyrir að áformað sé að nýta orkuna fyrir álver sem er þekkt starfsemi hér á landi með tilliti til megin umhverfisáhrifa. Í svæðisskipulagsferlinu voru kynnt heildaráhrif framkvæmdanna, að undanskyldum áhrifum af byggingu álvers, sem almenningur hefur haft tækifæri til að tjá sig um. Bein umhverfisáhrif af álveri og höfn eru all sértæk og ólík áhrifum af orkuvinnslu og orkuflutningi. Með umfjöllun í svæðisskipulagi hefur verið tekið á megin umhverfisáhrifum þeirrar stefnumörkunar sem felst í því að fara í orkuvinnslu og orkuflutning fyrir álver við Húsavík. Skipulagsstofnun telur því ekki ríka þörf á því að mat á umhverfisáhrifum allra umræddra framkvæmda fari fram sameiginlega, en markmið þess væri fyrst og fremst að gefa skýra mynd af heildarumhverfisáhrifum og auðvelda umfjöllun.

Skipulagsstofnun leggur hins vegar mikla áherslu á að frummatsskýrslur fyrir Þeistareykjavirkjun, stækkun Kröflu og háspennulínur til Húsavíkur annars vegar og vegna álvers og hafnar við Húsavík hins vegar verði til umfjöllunar á sama tíma. Stofnunin mun einnig leggja áherslu á samþættingu umfjöllunar í einstökum frummatsskýrslum þannig að í samantekt þeirra verði yfirlit yfir allar þessar tengdu framkvæmdir, þ.e. orkuver, orkuflutning, álver og höfn og megin umhverfisáhrif þeirra, einkum með tilliti til sammögnunar, eins og þau eru þekkt á hverjum tíma.

Stefán Thors

Póroddur F Póroddsson

Samrit: Alcoa, Landsnet, Landsvirkjun og Þeistareykir ehf.

Afrit. Aðaldælahreppur, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Þingeyjarsveita, Byggðastofnun, Heilbrigðiseftirlit

Norðurlands eystra, Iðnaðarráðuneytið, Umhverfisstofnun og Umhverfisráðuneytið.